



Minnisblað

Til: Borgarráðs

Frá: Fjármálastjóra

Efni: Svör við fyrirspurnum um afslætti eldri borgara á fasteignagjöldum

Á fundi velferðarráðs þann 23. janúar 2019 lagði fulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram eftirfarandi fyrirspurnir:

- 1) *Hversu margir eldri borgarar verða af afslætti af fasteignagjöldum af þeim sökum að þeim er gert að flytja lögheimili sitt á sjúkrastofnun eða dvalarheimili tímabundið eða til lengri tíma?*
- 2) *Hversu háar upphæðir er um að ræða og hvernig hefur niðurfelling fasteignaskatta áhrif á þennan hóp?*
- 3) *Hver er rökstuðningurinn fyrir því að þessi háttur sé hafður á?*

Borgarstjóri hefur óskað eftir minnisblaði frá fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar um afslætti elli- og örorkulífeyrisþega vegna ofangreindrar fyrirspurnar.

1. Almennt

Álagning fasteignaskatta byggir á lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Í þeim eru tilgreindir þrjú mismunandi flokkar fasteigna sem sæta álagningu, íbúðarhúsnæði, opinberar byggingar og atvinnuhúsnæði. Sveitarstjórn ákveður álagningarhlutföll í hverjum flokki og eru öllum frávikum settar þröngar skorður. Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga er sveitarfélögum heimilt að lækka eða fella niður fasteignaskatt sem tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Er sveitarfélögum skylt að setja sér reglur um beitingu heimildarinnar. Borgarstjórn hefur sett sér reglur um beitingu á þessum ákvæði varðandi lækkun á fasteignaskatti og fráveitugjaldi. Fráveitugjald er greitt til Orkuveitu Reykjavíkur og byggir þessi framkvæmd á 4. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

Skilyrði þess að njóta ákvæða um lækkun á fasteignaskatti eða fráveitugjaldi eru eftirtalin:

- viðkomandi sé elli- eða örorkulífeyrisþegi,
- viðkomandi eigi lögheimili í eigninni,
- viðkomandi sé þinglýstur eigandi að eigninni,
- viðkomandi geti átt rétt á vaxtabótum vegna hennar skv. B-lið 68. gr. laga nr. 90/2003 um tekju- og eignaskatt.
- einungis er veitt lækkun vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota.

Fjármálaskrifstofa framkvæmir breytingar á fasteignaskatti og fráveitugjaldi eftir yfirferð skattframtala elli- og örorkulífeyrisþega. Það þarf því ekki að sækja sérstaklega um afslátt þessara gjalda. Ákvarðanir á



grundvelli reglnanna eru kæránlegar til innanríkisráðuneytisins á grundvelli 111. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 innan þriggja mánaða frá ákvörðuninni.

2. Framkvæmdin 2019

Reglur um tekjumörk vegna lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds á árinu 2019 eru eftirfarandi skv. ákvörðun borgarstjórnar:

100% lækkun

Einstaklingar með tekjur allt að 4.090.000 kr.

Hjón með tekjur allt að 5.710.000 kr.

80% lækkun

Einstaklingar með tekjur á bilinu 4.090.000 til 4.690.000 kr.

Hjón með tekjur á bilinu 5.710.000 til 6.340.000 kr.

50% lækkun

Einstaklingar með tekjur á bilinu 4.690.000 til 5.450.000 kr.

Hjón með tekjur á bilinu 6.340.000 til 7.580.000 kr.

Við álagningu fasteignagjalda í janúar 2019 var afsláttur elli- og örorkulífeyrisþega til bráðabirgða miðaður við allar tekjur ársins 2017. Þegar álagning Ríkisskattstjóra vegna tekna ársins 2018 liggur fyrir er afsláttur af fasteignaskatti og fráveitugjaldi endanlega ákvarðaður.

3. Framkvæmdin 2018

Í töflunni hér að neðan má sjá afsláttarflokkanna, fjölda afsláttarþega og fjárhæð afslátta eins og niðurstaðan var gagnvart afslætti fasteignagjalda elli- og örorkulífeyrisþega árið 2018.

Í töflunni má sjá áhrif breytinga afslátta ársins 2018 á fjölda afsláttarþega og fjárhæðir afslátta fyrir og eftir að borgarstjórn samþykkti hærrí tekjumörk fyrir afsláttarvinnsluna á árinu 2018.

	Fjöldi afsláttarþega og fjárhæð	Fjöldi afsláttarþega og fjárhæð		
	Eftir breytingu 2018	Fyrir breytingu 2018	Nettó breyting	Nettó breyting í %
Einstaklingar	3.449	2.795	654	23%
Hjón	1.604	1.042	562	54%
Samtals afsláttarþegaar	5.053	3.837	1.216	32%
Heildarfjárhæð afsláttar	-386.925.787	-300.645.309	-86.280.478	29%
Meðalafsláttur	-76.573	-78.354	1.781	-2%

Taflan sýnir að rúmlega fimm þúsund elli- og örorkulífeyrisþegar nutu lækkunar fasteignaskatta og fráveitugjalda á íbúðarhúsnæði á árinu 2018 og heildarfjárhæð afsláttar nam tæpum 387 mkr..

Í næstu töflu hér að neðan má sjá afsláttarflokkanna, fjölda afsláttarþega og fjárhæð afslátta elli- og örorkulífeyrisþega árið 2018.

Afsláttarregla	Fjöldi afsláttarþega	Fjárhæð afsláttar
50% afsláttur af fasteignaskatti og fráveitugjaldi	2.138	-104.170.522
80% afsláttur af fasteignaskatti og fráveitugjaldi	1.527	-131.509.831
100% afsláttur af fasteignaskatti og fráveitugjaldi	1.388	-151.245.434
Samtals	5.053	-386.925.787

Neðangreind tafla sýnir stöðu afsláttar í janúar 2019 og áætluð áhrif breytinga um haustið 2019 þegar afsláttur fasteignagjalda er keyrður aftur samkvæmt tekjuviðmiðum Reykjavíkurborgar vegna ársins 2019 eftir að RSK hefur lagt á skatta ársins 2019 vegna tekna ársins 2018 í júlí nk.



Gjald	Álagning 2019	Forsenda fjárhagsáætlunar 2019	Breyting 2019/2019 frá áætlun	Staða álagningar 31.12.2018	Breyting 2019/2018
Afsláttur fasteignaskatts	233.301.940	253.829.849	-8,09%	223.095.593	4,57%
Afsláttur fráveitugjalds	168.661.613	196.170.151	-14,02%	169.609.287	-0,56%
Samtals afsláttur	401.963.553	450.000.000	-10,67%	392.704.880	2,36%

Næsta tafla sýnir veittan afslátt í árslok 2018 í hlutfalli við heildarfasteigna- og fráveitugjöld eldri borgara m.v. það að falla undir skilyrði núverandi reglna, falla ekki undir öll skilyrði núverandi reglna og síðan að falla ekki undir neitt skilyrði núverandi reglna.

Fjárhæðir fasteignaskatts og fráveitugjalds m.v. skilyrði afsláttar samkvæmt núverandi reglum um afslátt fasteignaskatts og fráveitugjalds	
Afsláttur fasteignaskatts og fráveitugjalds til eldri borgara í árslok 2018	392.704.880
Álagður áætlaður fasteignaskattur og fráveitugjald hjá eldri borgurum sem falla ekki undir afsláttareglurnar árið 2018 en uppfylla öll skilyrði þeirra	578.862.970
Samtals fasteignaskattur og fráveitugjald	971.567.850
Hlutfall afsláttar fasteignaskatts og fráveitugjalds af heildargjöldum fasteignaskatts og fráveitugjalds til eldri borgara sem uppfylla skilyrði til afsláttar árið 2018	40,42%
Álagður áætlaður fasteignaskattur og fráveitugjald hjá eldri borgurum sem falla ekki undir afsláttareglurnar árið 2018 og eru ellilífeyrisþegar	658.622.289
Samtals fasteignaskattur og fráveitugjald	1.051.327.169
Hlutfall afsláttar fasteignaskatts og fráveitugjalds af heildargjöldum fasteignaskatts og fráveitugjalds til allra eldri borgara árið 2018	37,35%
Álagður áætlaður fasteignaskattur og fráveitugjald hjá eldri borgurum sem falla ekki undir afsláttareglurnar árið 2018 og eru eða eru ekki ellilífeyrisþegar	921.499.449
Samtals fasteignaskattur og fráveitugjald	1.314.204.329
Hlutfall afsláttar fasteignaskatts og fráveitugjalds af heildargjöldum fasteignaskatts og fráveitugjalds til eldri borgara árið 2018	29,88%

4. Áhrif flutnings á lögheimili

Fyrirspurnin snýst um áhrif flutning lögheimilis á rétt til afsláttar af fasteignagjöldum. Eins og fram kemur á bls. 1 er eitt af skilyrðum þess að ellilífeyrisþegi eigi rétt á afslátt fasteigna- og fráveitugjalda að hann eigi lögheimili í því íbúðarhúsnæði sem um ræðir. Enginn ellilífeyrisþegi missir réttinn til afsláttar af fasteigna- og fráveitugjöldum þótt hann eða hún leggst inn á sjúkrahús eða hjúkrunarheimili nema að lögheimili viðkomandi hafi verið fært úr íbúð hans á slíka stofnun. Fjármálaskrifstofa hefur engar skrásettar upplýsingar um þá einstaklinga sem kunna að hafa fært lögheimili sitt af þessum sökum. Þess vegna er ekki hægt að veita umbeðnar upplýsingar um hversu margir afsláttarþegar hafa misst rétt til afsláttar af þessum ástæðum og hvaða fjárhæðir kann að vera um að ræða. Hins vegar hefur skrifstofan aðgang að upplýsingum hjá Þjóðskrá um þá einstaklinga sem voru ekki lengur skráðir til lögheimilis í þeirri fasteign sem veitti þeim áður rétt til afsláttar af fasteigna- og fráveitugjöldum en ástæður þessara breytinga eru ekki skráðar. Oftar en ekki er hér um að ræða að viðkomandi hafi keypt aðra fasteign og selt þá sem veitti honum rétt til afsláttar en ekki óskað sérstaklega eftir leiðréttingu hjá Reykjavíkurborg á búsetu í nýrri eign.

Eins og ofangreint ber með sér er ekki unnt að svara spurningunni um hversu háar upphæðir er um að ræða.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri